

Íslenska 1. bekkur

Markmið að nemandi:

Talað mál, hlustun og áhorf:

- Fáa æfingu í framsögn.
- Hafa lesið, endursagt, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum.
- Fáa æfingu í að hlusta og horfa á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva.
- Fáa æfingu og hafa tileinkað sér reglur sem gilda í samræðum.

Lestur

- Geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Efli orðaforða og málskilning.
- Auki lestrarhraða og lesskilning.
- Kynnist notkun margmiðlunarefnis í íslensku.
- Geti lesið úr einföldum skýringamyndum.

Ritun

- Þjálfari fínhyringar, þekki skriftaráttina og læri að draga til stafs.
- Æfist í sögugerð með einfaldri atburðarrás (ýmist sjálfur eða með aðstoð).

Málfræði

- Fáa tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.
- Vinni með helstu einingar málsins svo sem bókstafi, hljóð, orð og setningar.
- Öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það á margvíslegan hátt svo sem að ríma og fara í orðaleiki.

Kennsluhættir

Í upphafi skólaársins er tekin staðan á stafabekkingu og lestrarkunnáttu nemenda og í framhaldi af því valið efni við hæfi hvers og eins. Unnið er með markvissa málörvun og teknar málörvunaræfingar sem byggja á því að efla hljóðavitund og málþroska. Unnið er með rím, hlustun, samstöfur, fyrsta hljóð og síðasta hljóð í orði, setningar og orð.

Fjölbreytt verkefni eru unnin í lestrarkennslunni þar sem nemendur skrifa stafi, orð og stutta texta af ýmsu tagi eftir getu í skriftarbækur og vinnubækur. Einnig eru notuð ýmiskonar spil, listsköpun og þrautir. Þeir sem ekki þekkja bókstafi byrja í stafainnlögn og er þá stuðst við hljóðaaðferð. Mikil áhersla er lögð á að nemendur dragi rétt til stafs og temji sér vönduð vinnubrögð. Í 1. bekk er K-pals lestrarkennsluaðferð notuð hluta vetrar eftir þörfum hvers nemanda.

Nemendur skrifa, sjálfir eða með aðstoð, texta frá eigin brjósti eða eftir mynd/fyrirmælum í stílabók/á blað eða í tölvu. Nemendur lesa á hverjum degi í kennslustund.

Námsefni:

Handbók um K-Pals, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir, Við lesum A, Lestrarlandið, byrjenda lestrarbækur, námsspil, ýmsir leikir og námsforrit í I-pad og tölvum.

Námsmat:

Leið til læsis próf er lagt fyrir alla nemendur að hausti auk þess eru nemendur hraðlestrarprófaðir 4 sinnum á ári. Íslenskukönnun er lögð fyrir nemendur að vori.

Heimanám:

Nemendur eiga að lesa heima á hverjum degi. Miðað er við 15 mínútur að minnsta kosti 5x í viku.

Stærðfræði 1. bekkur***Hæfniviðmið*****Að geta spurt og svarað með stærðfræði****Markmið að nemandi:**

- Lesi (með aðstoð) texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað það fjallar.
- Útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni.
- Geti beitt skipulögðum aðferðum við lausnir verkefna og þrauta.
- Vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar**Markmið að nemandi:**

- Noti vasareikni til að sjá hvernig tölur breytast.
- Sýni skilning á notkun talna og aðgerðamerkja.
- Þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**Markmið að nemandi:**

- Kynnist því að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Vinni með peninga/kennslupeninga.

Tölur og reikningur**Markmið að nemandi:**

- Noti náttúrulegar tölur frá 0 og upp í 20.
- Reikni með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.
- Þjálfist í að nota þekkingu sína og skilning á tölum við að reikna samlagningar- og frádráttardæmi.

Algebra**Markmið að nemandi:**

- Skoði og myndi talnamynstur.
- Æfi talnarunur og mynstur, t.d. með að klappa og telja s.s 2,4,6 eða með því að nota t.d. líkön eða hluti.

Rúmfræði og mælingar

Markmið að nemandi:

- Geti framkvæmt einfaldar mælingar
- Skoði lögun hluta og ræði um eiginleika og notagildi.

Tölfræði og líkindi

Markmið að nemandi:

- Geri töflur og einföld súlurit um eitthvað sem tengist daglegu lífi.
- Geti talið, flokkað og skráð niðurstöður.
- Ræði um niðurstöður útreikninga súlurita.

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa stærðfræðikennsluna sem fjölbreyttasta þar sem hugsmíðahyggja er höfð að leiðarljósi, það er að nemendur læri af eigin upplifunum (úतिकennsla, kubbar, mælingar, námsspil, leikir o.fl.). Vinna í kennslubókum fer fram á heimasvæðinu með innlögnum eftir þörfum. Nemendur nota hjálpargögn eins og talnagrindur, steina, kennslupeninga, kubba o.fl. Hver nemandi fer á sínum hraða yfir námsefnið.

Námsefni:

- Sproti 1A og 1B ásamt æfingaheftum.
- Sproti 2A ásamt æfingahefti.
- Viltu reyna? Gulur, rauður og grænn.
- Vasareiknahefti 1.
- Ýmis stærðfræðispil.
- Önnur fjölfölduð verkefni.

Skólasund 1. bekkur

Hæfniviðmið

- Að nemendum líði vel í vatni og öðlist öryggi í því í gegnum æfingar og leiki.
- Að nemendur læri og tileinki sér þær reglur sem gilda fyrir, eftir og í sundtímanum.
- Að nemendur fari eftir þeim öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sem gilda á sundstað.
- Að nemendur geti flotið, nái tókum á öndun, skriðsundi, baksundsfótatökum, bringusundsfótatökum og skólabaksundsfótatökum.
- Að nemendur geti velt sér af kvið á bak og öfugt.
- Að nemendur læri að vinna saman og beri virðingu fyrir getu hvers annars.
- Að nemendur geti tileinkað sér einföld hugtök sem tengjast sundi og líkamlegri áreynslu.
- Að nemendur geti farið eftir reglum í leikjum og geti tekist á við sigra og töp.

Kennsluhættir

Leiðarljós sundkennslu í Sjálandsskóla er að nemendur fái jákvæða upplifun af sundi og sundiðkun og geti nýtt sér sund sér til heilsubótar í framtíðinni.

Nemendur læra mikið í gegnum leiki og æfingar. Æfingum er ætlað að mæta hverjum nemenda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í sundi. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun og samvinnu.

Námsmat:

Námsmat er unnið upp úr hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Metið er á 6 bila kvarða og skráð í Námfús jafnt og þétt yfir veturinn og að vori er námsmatið tekið saman og gefin lokaeinkunn. Markmiðin eru skýr í upphafi og kennari leiðbeinir nemendum jafnt og þétt í átt að lokamarkmiðum.

Tímafjöldi

Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Námsmat:

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir veturinn og í lok hvernna annar eru stuttar stöðukannanir lagðar fyrir nemendur.

Þema 1. bekkur

Í 1. bekk er miðað við að tekin séu 2 - 3 þemu fyrir áramót og 3-4 eftir áramót. Þemu sem tekin verða í 1. bekk skólaárið 2019-2020 eru:

- Skólinn og umhverfið
- Veðrið
- Jólaleikrit/ Jólaveinavísur (í samvinnu við 2. bekk)
- Dýrin í Hálsaskógi (í samvinnu við 2. bekk)
- Tröll
- Náttúran og smádýr

Skólinn og umhverfið

Markmið að nemandi:

- þjálfist í að fara eftir reglum í leik og starfi í skólanum
- kynnist nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara
- þjálfist í að vinna með öðrum að afmörkuðu verkefni
- skilji mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi
- skilji mikilvægi reglna í skólanum og í samskiptum fólks
- taki þátt í að setja reglur um samskipti nemenda
- viti hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf hans s.s. á klæðnaði og leik
- þekki staði í nágrenni heimilis síns.

- kynnist umferð í nágrenni skólans og læri öruggar gönguferðir í skólann

Kennsluhættir

Farið yfir skóla- og vinnureglur í skóla. Nemendur kynnast starfsfólki skólans. Áhersla er lögð á umhverfi skólans. Lögð verður áhersla á lífsleikni og leiki til þess að þetta hópinn. Þemað tengist markmiðum úr samfélagsfræði, íslensku og lífsleikni.

Námsmat

Námsmat byggt á samvinnu nemenda, áhuga og vandvirkni.

Veðrið

Markmið að nemandi

- þekki heiti og einkenni hvernar árstíðar
- geti lýst breytingum á náttúru eftir árstíðum
- þekki og skilji hugtök tengd veðri s.s. heitt, hlýtt, kalt, frost o.s.frv
- fylgist með veðri, lesi hitastig af hitamæli og merki inn á veðurkort

Kennsluhættir

Við munum fjalla um árstíðirnar og ólíkt veður þeim tengdum. Við munum fylgjast með veðurspám daglega, kynnast veðurtáknum og merkja inn á veðurkort. Einnig lærum við um hringrás vatns og skýja-myndun. Við munum gera tilraunir til að auka skilninginn á efninu. Afrakstur þemans verður bók sem metin verður í lokin.

Námsmat

Tekið verður mið af áhuga og vinnusemi. Einnig verður veðurbókin metin

Jólaleikrit og jólaundirbúningur

Markmið að nemandi:

- Noti leikræna tjáningu
- Kynni vinnu sína fyrir skólafélögum og foreldrum
- Heimsæki kirkju
- Taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngþætti
- Útbúi leikbúninga og sviðsmuni
- Viti hvað aðventa merkir og hafi kynnst síðum og tónlist sem tengist henni
- Kynnist íslenskum jólasíðum

Kennsluhættir

Unnið með sögu og boðskap jólanna. Sýning sett á svið í tengslum við jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum.

Námsefni

Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum.

Námsmat

Námsmat byggt á samvinnu nemenda, áhuga og vandvirkni.

Dýrin í Hálsaskógi

Markmið að nemandi:

- fái tækifæri til að nota leikræna tjáningu
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir skólafélögum og foreldrum
- fái tækifæri til að taka þátt í stuttum leikþætti og/eða söngþætti
- fái tækifæri til að gera verkefni sem geri kröfur um munnlega tjáningu
- fái tækifæri til að kynna margbreytileika mannlífsins
- fái tækifæri til að setja sig í spor annarra
- fái tækifæri til að syngja fjölbreytt sönglög
- útbúi leikbúninga og sviðsmuni

Kennsluhættir

Nemendur vinna margvísleg verkefni í tengslum við íslensku, textílmenn, myndmenn, hönnun og smíði, tónmennt og lífsleikni. Nemendur læra söngva og texta, útbúa leikmynd og leikbúninga ásamt því að vinna ýmis önnur verkefni í tengslum við þemað.

Allir nemendur skólans fá tækifæri til að sjá leikritið og einnig er leiksýning fyrir foreldra.

Námsefni

Bókin um Dýrin í Hálsaskógi og söngtextar.

Námsmat

Nemendur metnir út frá virkni, samvinnu og áhuga á æfingum og á sýningum.

Tröll

Markmið að nemandi:

- Þekki mismunandi þjóðsögur um tröll
- Búi til tröll úr steinum
- Skrifi og teikni sína eigin tröllamyndasögu

Kennsluhættir

- Ýmsar tröllasögur eru lesnar. Hugstormun
- Unnið er í hópum með ýmis verkefni frá kennurum um tröll. Farið í fjöruna og steinar fundnir til þess að búa til tröll.
- Unnið er á heimasvæði og í útikennslu.

Námsefni

Ýmsar tröllasögur úr ýmsum áttum.

Námsmat

Námsmat var byggt á samvinnu nemenda, áhuga og virkni.

Náttúran og smádýr

Markmið að nemandi:

- þekki nokkur séreinkenni dýra og plantna út frá athugun og samanburði
- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í rituðu máli og skrái sjálfur eða með aðstoð
- fræðist um plöntur
- þjálfist í að flokka lífverur eftir ytri einkennum
- ræði um hvernig umhverfi lífvera og mismunandi lífsskilyrði mótar einkenni þeirra

Kennsluhættir:

Skoðaðar eru ýmsar myndir af smádýrum og plöntum og þeirra einkennum skoðuð. Farið er út að leita að smádýrum og plöntum og þau skoðuð með stækkunargleri. Sett niður fræ og hugsað um plöntuna sem kemur.

Námsefni:

Greiningarlykill um smádýr, plöntuhandbækur, ýmsar myndir og fræðibækur. Umhverfið.

Námsmat:

Námsmat er byggt á áhuga, samvinnu og virkni nemenda.

Námsvísir 1. bekkur - myndmennt

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefnið sitt
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og myndbyggingar
- greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka
- gengið frá eftir vinnu sína

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni. Verkefnin eru kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum. Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

Tímafjöldi:

Kennt er þrisvar í viku, í 3-4 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnunum er skipt í tvo hópa, um 7 nemendur í hóp.

Hönnun og smíði - 1. bekkur

Hæfniviðmið:

Að nemendur geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt
- dregið einfalda skissu og fært yfir á efniviðinn
- sagað út einföld verkefni úr við
- gengið vel um smíðastofuna, verkefnin sín og annarra
- gengið frá eftir vinnu sína

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt en einföld til að byrja með en þó þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni. Verkefnin eru kynnt nemendum með myndum, spjalli og stuttri sýnikennslu. Kennari gengur svo á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum. Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni.

Námsmat:

Hæfni nemandans er metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmiðin eru unnin út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá grunnskólanna. Þau eru áþekkt hjá öllum nemendum á yngsta stigi, en þó liggja aðrir þættir á bak við hvert viðmið.

Nemendur eru metnir á sex bila kvarða líkt og í öðrum námsgreinum skólans.

Tímafjöldi:

Kennt er tvisvar í viku, í 3-4 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein tvisvar á vetri. Hópnun er skipt í tvo hópa, um 15 nemendur í hóp.

Tónmennt í 1. bekk

Hæfniviðmið

Að nemandinn geti:

- þekkt útlit og hljóð hljóðfæra tónmenntastofunnar og nokkur hljóðfæri símfóníuhljómsveitar
- sungið eða leikið á skólahljóðfæri eftir einföldum styrkleikamerkjum
- sungið í hópi með skýrum framburði fjölbreytt sönglög og þulur
- beitt rödd sinni í einföldum spuna

- leikið einfaldan rytma og þrástef eftir nótum á slaverksljóðfæri og önnur skólahljóðfæri
- leikið á skólahljóðfæri í takt við tónlist
- spunnið einfaldan spuna á skólahljóðfæri
- notað grafíska nótnaskrift við flutning og skráningu tónlistar
- samið hljóðverk í hóp
- rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun
- notað spjaldtölvu og tónlistaröpp til tónsköpunar

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri fjölbreytt sönglög og þulur í tengslum við morgunsönginn. Hlustun er þjálfuð hjá nemendum með því að hlusta eftir fyrirfram ákveðnum þáttum eins og hraða, styrk, takti, hljóðfærum eða röddum. Unnið er með hryn bæði með ýmiskonar hreyfileikjum og beinni hljóðfæravinnu. Einnig er unnið með spuna þar sem nemendur fá að spynna frjálst yfir undirspil á stafspil (tréspil, málmuspil og klukkuspil) eða annað skólahljóðfæri. Nemendur semja saman í hóp hljóðverk og nota til þess rödd, líkamann, hljóðfæri auk spjaldtölva.

Tónmennt tengist mikið þeim þemum sem nemendur eru í hverju sinni hjá umsjónarkennurum og er unnið markvisst með hæfniviðmið tónmenntar í tengslum við þemun.

Á hverju ári setur fyrsti bekkur upp leikrit ásamt nemendum annars bekkjar. Tónmennt tengist þessum uppsetningum á þann hátt að nemendur læra og æfa lög leikritsins í tónmenntatímum.

Leiðbeinandi kennsluhættir henta mjög vel við tónmenntakennslu og eru nýttir til að hjálpa nemendum að átta sig á markmiðum og eigin stöðu hverju sinni.

Námsgögn

- skólahljóðfæri og aðrir hljóðgjafar s.s. líkaminn og hlutir úr náttúrunni
- námsefnið: Tónlist og líkaminn
- námsefnið: Tónlist og tíminn
- námsefnið: Það var lagið
- námsefnið: Tónmennt 1. hefti og Tónmennt 2. hefti
- námsefnið: Hring eftir hring
- myndbönd
- geisladiskar og tónlist af netinu
- einfaldar hljóðfæraútsetningar
- spjaldtölvur og tónlistaröpp
- annað námsefni útbúið af kennara

Námsmat

Nám nemenda er metið með símati, skriflegum könnunum og verkefnum auk sjálfsmats. mynd- og hljóðupptökur eru reglulega gerðar til að fylgjast með framvindu og getu nemenda í söng og hljóðfæravinnu. Tónsköpun og spuni nemenda eru tekin upp og metin. Þekkingaratriði eru metin með skriflegum könnunum og verkefnum unnum í tímum. Tvisvar á vetri fá nemendur afhent námsmat í tónmennt þar sem hæfniviðmiðin eru útlustuð með eftirfarandi skala:

- A Framúrskarandi hæfni
- B + Mjög góð hæfni
- B Góð hæfni
- C + Nokkuð góð hæfni
- C Sæmileg hæfni
- D Ófullnægjandi hæfni

Textílmennt - 2. bekkur

Hæfni

Að nemendur geti:

- klippt efni
- þrætt grófa nál
- hnýtt einfaldan og margfaldan hnút
- saumað þræðispor
- vefað á spjald
- fingraprjónað
- saumað einfalt verkefni í saumavél
- þæft ull
- snúið band
- notað hugtök og heiti sem tengjast greininni
- notað fjölbreyttar mælieiningar svo sem faðmur

Kennsluhættir:

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru gjarnan kynnt nemendum með sögum og/eða myndum, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat:

Markmið verkefna eru skýr í upphafi og tengjast hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Kennarinn varðar leið nemenda og leiðbeinir þeim áfram í sinni vinnu. Megin áhersla er á verkferlið og þá hæfni sem nemendur öðlast. Námsmatið er á 6 bila kvarða og skráð í Námfús í lok hvernar lotu. Að vori er námsmatið tekið saman og gefin lokaeinkun.

Tímafjöldi:

Kennt er 2 í viku, í 3-5 vikna lotum þar sem nemendur fá tvær lotur í hverri listgrein 2 á vetri. Hópnum er skipt í 5 minni hópa, um 12 nemendur í hóp.

Hæfniviðmið í 1. – 2. bekk

- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- Getur unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- Getur fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna
- Getur skreytt textílvinnu á einfaldan hátt